

**Trausti Jónsson**

Tvær veðurlýsingar (og rúmlega það) úr  
„fornaldarsögum Norðurlanda“

Góíþing FÍV 22. febrúar 2033

Reykjavík feb. 2023



22/02/2023

## „Hversu Noregur byggðist“

eru afkomnar. Fornjótr<sup>2</sup> hét maðr; hann átti 3 sonu, var einn Hlèrr, annarr Logi, þriðji Kári; hann ræð fyrir vindum, en Logi fyrir eldi, Hlèrr fyrir sjó. Kári var faðir Jökuls, föður Snærs konúngs; en börn Snærs konúngs voru þau Þorri, Fönn, Drífa ok Mjöll. Þorri var konúngr ágætr; hann ræð fyrir Gottlandi, Könlandi ok Finnlandi; hann blótuðu Könir til þess, at snjófa gerði, ok væri skíðfæri gott; þat er ár þeirra; þat blót skyldi vera á miðjum vetri, ok var þaðan af kallaðr Þorramánaðr. Þorri konúngr átti 3 börn; synir hans hétu Norr ok Gorr, en Góí dóttir; Góí hvarf á brott, ok gerði Þorri blót mánaði síðarr, enn hann var vanr at blóta, ok kölluðu þeir síðan þann mánað, er þá hófst, Góí. Þeir Norr ok Gorr leituðu systur



# Verteidigung des Abendlandes (9. Jahrh.)



Þótt veður sé nefnt í sögunum –  
er ekki mikið af beinum veðurlýsingum

Þeir sem herja á víkingaskipum eru mjög háðir byr –  
og víða kemur hann við sögu.



22/02/2023



# FORNALDAR SÖGUR

## NORDRLANDA

EPTIR

GÖMLUM HANDRITUM

ÚTGEFNAR

AF

C. C. RAFN, P. D.,

Prófessor, Riddara af Danabrógsorðunni, Sekretora hins konungliga norræna fornfræða-félags, heiðurslimi, orða- eða bróðrigum limi hins skandinaviska lærdómstista-félags, hins íslenska bókmenta-félags, hinnar kgl. svensku vitterhets-, sagnfræða- og fornfræða-akademíu, hinnar kgl. svensku stríðsvísinda-akademíu, hins kgl. skandinaviska sögnfræða-félags í Stokkhólmi, hinnar kgl. írsku akademíu í Dýttini, hins enska fornfræða-félags í Nykastala við Tinsarellu, hins kgl. þýzka félags í Konungsbergi, hins þýzka tungufræða-félags í Berlin, Danavinafélagsins við Dóná, ásamt fornfræða-, bókmenta- og söðurlands félögum í Þrándheimi, Björgvíni, Kristjaníu, Gautaborg, Óðinsey, Alónu, Mitá, Stettíu, Breslá, Hohenlauben, Gürlitz, Leipsig, Saxahöll, Minden, Munster, Visbaðen, Vurzborg og Fríborg.

ANNAT BINDI.

Myndin sem hér fylgir er af titilsíðu 2. bindis útgáfu Carl Christian Rafn (1795-1864). Rafn var mjög þekktur fornfræðingur á sinni tíð - og sá um fjölmargar útgáfur íslenskra fornrita.

Hrafnista er eyja í Þrændalögum í Noregi  
Hinir svonefndu „Hrafnistumenn“ koma talsvert við sögu  
og sá ættarhæfileiki að þeim gafst ætíð byr,  
jafnvel þótt segl væru dregin upp í logni  
Var það í raun svo - eða voru þeir  
einfaldlega svona góðir veðurspámenn?

Ramstad er mest kjent for sin skjønn natur, sjarmerende gårder, ville dyr og ikke minst den berømte landskampen mot nabobygda i nord, Steine, som foregår hvert år.





Mikil saga er af Örvar-Oddi - einum Hrafnistumanna, hann fór mikla frægðarför til Bjarmalands þar segir m.a.:

„ ... en er náttu tók, vöknuðu þeir við þat, at þeir heyrðu brest mikinn í loptit upp, svá at slíkan höfðu þeir aldrí fyrr heyrðan. Þá spurði Oddr þá Guðmund ok Sigurð, ef þeir hefðu nokkut heyrt sagnir frá slíku fyrr; ok er þeir áttu þetta með sèr at ræða, kom brestr annarr, ok var sá ekki minni; þá kom hinn þriði, ok var sá mestr. Hvat ætlar þú, Oddr! sagði Guðmundr, at þetta sæti? Oddr sagði:

Heyrt hefi ek sagt frá því, at veðr 2 verði senn í loptinu, ok farist ámóti, ok af þeirra samkvomu verði stórir brestir; nú skulu vér svá viðbúast, sem veðr nokkut íllt ok mikit muni koma“.




Síðan segir: „ok var það allt jafnskjótt, at þeir höfðu umbúizt, ok veðrinu laust á svá illu, at þá rekr undan landi, ok aldrei ná þeir viðfalli ok urðu einatt í austri at vera. Svá er veður þetta mikít, at við því mátti búit, at kefja mundi skípin undir þeim“.  
[Örvar-Odds saga, útgáfa Rafn 1829, s.179-180]





Hér má segja að hér fari ágæt lýsing á vindþrumugarði hörðum, af þeirri tegund sem á erlendum málum nefnist „derecho“. Þar eru einmitt veður tvö senn í lofti og farast ámóti - og af þeirra samkomu verða stórir brestir. Mikið þrumuveður - og síðan harðir vindar. Vindgarðar eru ekki óalgengir við strendur Íslands og hafa banað mörgum sjómönnum - allt fram á síðari ár. Stöku sinnum fylgja þrumur slíkum görðum - þó þær séu hér mun sjaldgæfari en á meginlöndunum (þar með Bjarmalandi).

# Stöðugleiki við myndun meiriháttar þrumuveðra





A widespread, convectively induced straight-line windstorm, more specifically, any family of downburst clusters produced by an extratropical meso-scale convective system.




22/02/2023


IT: 08.03.2015T12Z

VT: 08.03.2015T15Z (+03h)

Harmonie: Vindur (UV) og PT (Lon: -23.0)



harmonie vind- og mættishitasnið sunnudag 8. mars 2015 kl.15



Hér sést garðurinn sérlega vel, bylgjan nær alveg upp í veðrahvörf - en aðeins fremst í garðinum - þar sem hann ryðst til norðurs. Á eftir fylgir loft þar sem vindhraði er um 20 m/s - en ekki nema upp í um 3 km hæð, þar ofan við dregur úr vindi. Sjá má Sæfellsnes sem gráa hæð neðst á myndinni - rétt norðan við vindgarðinn.

Áhrifarík dæling skriðþunga í röstum niður á við (þær eru étnar að neðan), vindgarðar geta myndast. Hviður stundum sterkari en þrýstivindur.



# THORSTENS VIKINGS-SONS SAGA

Þá

Gammal Göchsa

Uf eit

Äldrigt Manuscripto öf skrefwen och  
uthsatt på warre nu wantige språk  
sampt medh några nödige aus  
teckningar förbetrad

af

REGNI SVEONIE ANTIQVARI

JACOBO J REENHIELM.




UPSALÆ

Excudit HENRICUS CURIO S.R.M. & Academiæ  
Vpsal. Bibliopola M DC LXXX,

Myndin sem hér fylgir er af forsiðu fyrstu (held ég) prentútgáfu Þorsteins sögu, sagða á „forngautsku“. Gefin út í Uppsölum 1680 – afrituð eftir eldri handritum og útlögð á vort nú hið venjulega mál (sautjándualdarmenntamannasænsku). [samt með nokkrum nauðsynlegum merkjum og endurbótum gerðum af fornfræðingi sænska kóngsins Jacobo J Reenhielm]

Textarnir eru hlið við hlið á síðunum, fornnorrænan með latínuletri, en sænskan með gotnesku. Lítilsháttar lestrarmunur er á útgáfu Jóns Guðnasonar og þessari útgáfu.

Í Þorsteins sögu Víkingssonar er lýsing á veðurgjörningum sem við skulum rifja upp. Hér er slegið (væntanlega ekki villulaust) inn úr útgáfu Jóns Guðnasonar (1954, s.28) þar sem Jökull Njölfason leitar Víkingssona, sem leynast allir saman á eyju í fjallavatni sem Vænir heitir. Að þeim verður ekki sótt þar án skipa. Aðstoðar er þörf. Hinn göldrótti Ógautan svarar Jökli:



wore allena om ráðh. Jag  
stall nu sátta sig / sade  
Dadren; Jag hafwer en sáck  
som jag kallar wäder sect  
hrollen när jag ristar  
kommer thar och storm  
och orwäder mådh så stor  
bessetghett och stöld are  
innan tre nåtter / stall  
D 1 lag

„„Allt þykki mér þér verða sem móðurlausu barni, ok litlu ætla ek þú orkir, ef þú ert einn at. Nú vil ek“, segir Ógautan, „segja þér, at ek á einn belg, þann er veðrbelgr heitir, en ef ek hristi hann, þá stendr ór honum stormr ok vindr með svá stórri grimmd ok kulda, at innan þriggja náttu skal lagðr svá sterkr íss á vatnit, at ríða skal mega hestum þótt vili““.

Síðan hrósar Jökull Ógautan fyrir list hans og frásögnin heldur áfram:

„Eftir þat tók Ógautan belg sinn ok hristi. Kom þar ór mikil óveðran sakir fjúks grimmdar, at engi maðr mátti úti vera. Þótti mönnum þetta undrum gegna. En at liðnum þremr nóttum var hvert vatn ok fjörðr lagðr“.



Textinn er e.t.v. ekki svo óraunverulegur. Við vitum ekki hvort hér er verið að lýsa austrænu (Síberíuættuðu) kuldakasti í Noregi - eða norrænu á Íslandi. En það skiptir máli - held ég – að hinu mikla frosti fylgir gríðarleg fannkoma. Hún auðveldar og flýttir mjög ísmyndun á fjörðum og vötnum. Segja sumir að erfitt væri að skýra hina hröðu ísmyndun í suðurhöfum á haustin án aðkomu fannkomu samfara miklu frosti. Lesa má ýmsar frásagnir af ís hér við land með þetta í huga - og þær verða skýrari. Kannski var Ógautan bara svona góður veðurspámaður - svo göldrum var líkast. Hafði hann sérlega gott auga fyrir árásum kuldapolla norðurslóða eða var reiknilíkan hans svona gott?

Þjóðólfur segir tíðindi 16.mars 1866:



Síðan um nýár hefir veðráttan mátt heita köld, snjór fallið til sveita talsverður og blotar spillt, svo að víða um sveitir hafa gengið jarðleysur. Aðfaranótt mánudagsins 5. þ.m. laust á einhverju hinu mesta norðanveðri sem komið hefir hér á Suðurlandi í mörg ár, með frosthörku og blindbyl til sveita, og stóð allan næsta dag (5. mars) til kvölds; nóttina þar á eftir og hinn 6. mars var veðrið að vísu mikið, en þó nokkuð vægara. Miðvikudag (7. mars) var komið besta veður og bjart um að litast. Mátti þá sjá, að firðir, víkur og vogar voru hér svo ísum þakin, að eigi vita menn dæmi til síðan 1807; gengið var úr Reykjavík bæði til Engeyjar og Viðeyjar, enda lá ísinn langt útfyrir allar eyjar og sker og allar götur upp undir Kjalarnes; Skerjafjörður, Hafnarfjörður og langt á sjó út, suður og vestur fyrir Keilisnes var ísum þakið, og stór ísaspöng með allri hafsbrún; var sá ís að líkindum rekinn út af Borgarfirði, Hvalfjörður var án efa allur lagður, enda hafði fyrir verið gengið á ísum frá Hrafnabjörgum á Hvalfjarðarströnd, yfir að Hvammsvík í Kjós, en bátar settir á ísum innan frá Þyrli út að Hvammsvík. Eigi urðu skaðar hér í Inn-Nesjum í veðri þessu, svo vér vitum, en því meiri brögð urðu að því austur í Árnessýslu. Þannig er mælt, að í Selvogi hafi farist hátt á annað hundrað fjár og 17 hross, í Þorlákshöfn nálægt 30 fjár, og í Gaulverjabæjarsókn í Flóa urðu 3 menn úti, en 1 í Krísvík. Þegar lengra dró austur mun veðrið hafa verið minna, og ekki er enn getið slysfara þaðan.

Geir Vídalín biskup (góði) 1807 (Biskupinn í Görðum).

Reykjavík 17-4 1807: Með nýári gjörði góðan bata, en veður spilltist aftur seint í janúar. Rak þá niður svo mikinn snjó fyrir austan fjall, að varla var komist milli næstu bæja. Tók þar og víðast fyrir jarðir, en hér um kring voru alltaf snöp nokkur, en gaf sjaldan að standa á. Frost voru þá bæði hörð og langvinn, svo lagði alla firði, og af Valhúsinu sást hvergi í auðan sjó. Riðu menn þá og runnu alla firði innanverða þvers og langs. Þessi veðurátt varðaði allt fram að jafndægnum, þá kom æskilegur bati, og hefur það góða veður varað allt til fyrir skemmstu. Nú eru aftur komin frost og kuldar. Á þorra kom svo mikill hafís norðanlands, að nálega fyllt hverja vík.

...

# Endir – hafið þökk




22/02/2023



wore allena om rådh. Jag  
skall nu sätta sig / sade  
Dagreen; Jag hafwer en sâck  
som jag kallar wäder seck  
hollten när jag ristar  
kemmer thâr uth storm  
och orwäder mådth så stor  
hæffetgheet och koldt æt  
innan tre nåtter / skall  
D 1 lag

liggla så starkt ijs på stön/  
att man kan rijo måd  
många hæstar thâr uppå/  
om så behagas. Thâr  
är tå sant æt tu ær en  
stor konstnâr sadhe Joful/  
och på therra ena seere  
kann man komma på  
holmen / to sley ær inga



22/02/2023